Einar Garibaldi Eiríksson

Kápa / *Cover:*
Pantone Process Cyan C

Einar Garibaldi Eiríksson

Blámi

Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir
Reykjavík Art Museum

janúar – mars 1999

Inngangur

Saga myndlistar á Íslandi á 20. öld er samstíga sögu þjóðarinnar í landinu. Á þessum tíma hefur þjóðin barist frá ósjálfstæði, fátækt og einangrun bændasamfélagsins til ríkidæmis vel menntaðrar, fullvalda þjóðar, sem ber höfuðið hátt á alþjóðavettvangi. Eins og oft vill verða hefur eldmóður brautryðjendanna skipt mestu um þessa framþróun, og svo verður enn um sinn.

Jóhannes S. Kjarval var meðal hinna fremstu í hópi þeirra, sem ruddu þessari þróun braut á sviði íslenskrar myndlistar. Hin langa og goðsagnakennda starfsævi Kjarvals, sem og geysilegar vinsældir verka hans, hafa fyrir löngu gert hann að vissu tákni í vitund þjóðarinnar — tákni sem listamenn eftir hans dag hafa þurft að takast á við, ekki síður en þau myndefni, sem Kjarval gerði að sínum. Þingvellir og Kjarval, Kjarval og Dyrfjöll — hvar væri annað í hugum okkar án hins?

Einar Garibaldi Eiríksson hefur tekist á við þessa táknmynd Kjarvals af innsæi og virðingu með því að nota eigin viðhorf og verklag til að skilgreina stöðu brautryðjandans í huga yngri kynslóðar í myndlistinni. Það er því einkar ánægjulegt að geta boðið til sýningar á verkum hans, tileinkuðum Jóhannesi S. Kjarval, á sama tíma og verk meistarans eru gestum einnig nærtæk í þeirri byggingu, sem við hann er kennd.

Foreword

The history of Icelandic art in the 20th century is a reflection of the history of the nation in this country. During this period the nation has fought its way from the dependence, poverty and isolation of the agricultural society to the wealth of a well educated, sovereign people, that holds its head high in the international arena. As often will happen, the fiery determination of those leading the way was crucial for this development, and such forces will be important for a long time to come.

Jóhannes S. Kjarval was one of the most important among the small group of pioneers leading the way in Icelandic art in this century. His long and often mythical career, as well as the tremenous popularity of his works, have long since made him into a symbol in the mind of the nation — a symbol that artists have had to confront after his day, no less than the subjects, that he made his own. Thingvellir and Kjarval, Kjarval and Dyrfjöll — where would one be in our minds without the other?

Einar Garibaldi Eiríksson has been addressing this symbol of Kjarval with insight and respect, using his own angle and methods of work to define the position of the pioneer in the minds of a younger generation of artists. It is therefore a great pleasure to be able to invite you to an exhibition of his works, that are dedicated to Jóhannes S. Kjarval, at the same time that the paintings of the master himself are also available in the museum that bears his name.

Formaður menningarmálanefndar Reykjavíkur/*Chair, Cultural Committee of the City of Reykjavík:*



Jón Karl Helgason

K j a ® v a l

1

Á viðamikilli hátíð á Þingvöllum árið 1930 brá hópur leikara sér í hlutverk ýmissa fornmanna, þeirra á meðal Úlfljóts, Skalla-Gríms, Hrafns Hængssonar og Þorsteins Ingólfssonar. Þessir skeggjuðu skikkjuklæddu höfðingjar komu sér fyrir á barmi Almannagjár og léku lögmannskjör á Alþingi sumarið 930, en leiktextann höfðu prófessorarnir Sigurður Nordal og Ólafur Lárusson samið.[1] Á annarri mikilli hátíð á Þingvöllum árið 1994 brugðu nokkrir ungir menn sér hins vegar í gervi þekkts íslensks listamanns, settu upp krumpaða hattkúfa og fóru út um þúfur með liti og trönur. Þar munduðu þeir pensla og sköfur og máluðu náttúruna í gríð og erg.

Vitanlega voru þessar tvær hátíðir haldnar af gjörólíku tilefni. Sú fyrri var helguð þúsund ára afmæli þinghalds í landinu en sú síðari fimmtíu ára afmæli íslenska lýðveldisins. Engu að síður er athyglisvert — og í sjálfu sér merkingarríkt — að skipuleggjendur dagskrárinnar árið 1994 hafi talið fjölfaldaða persónu nafntogaðs listmálara eiga heima í þeirri leikrænu uppfærslu íslenskrar lýðveldissögu sem hlaut nafnið Þjóðleikur. Meðal annarra persóna á þessari sýningu voru glaðbeittir harmoníkuleikarar, rosknir slökkviliðsmenn, brögðóttir glímukappar, syngjandi síldarstúlkur, álfakóngur og álfadrottning ríðandi á gæðingum sínum og flokkur spengilegra manna sem sýndu Möllersæfingar.[2]

Í nýlegri grein heldur Guðmundur Hálfdanarson sagnfræðingur því fram að hátíðin 1994 hafi í raun verið einskonar helgileikur þar sem Íslendingum var ætlað að „iðka" föðurlandsást sína með táknrænum hætti. Við skipulag slíkra athafna ríður á að finna tákn sem allir geta sameinast um, jafnvel óháð upprunalegu samhengi þeirra og sögulegu gildi. Guðmundur rifjar þannig upp söng barnakórs á Maístjörnunni, byltingarkvæði Halldórs Laxness sem hefur á síðari árum öðlast gildi einhvers konar ættjarðarljóðs. Telur hann líklegast að börnin hafi sungið lagið á lýðveldishátíðinni „í þeirri trú að fáni framtíðarlandsins sem talað er um í síðasta erindi kvæðisins sé íslenskur en ekki rauður". Kaldhæðin niðurstaða sagnfræðingsins er á þá lund að það skipti ekki jafn miklu máli hvað við munum og minningarferlið sjálft; „þjóðin kom ekki ekki saman á Þingvöllum til að muna eitthvað sérstakt, heldur til að fagna því að eitthvað væri þess virði að muna, þótt ekki væri fullkomlega ljóst hvað þetta eitthvað væri."[3]

Samkvæmt þessari túlkun áttu ungu mennirnir sem líktu eftir Jóhannes S. Kjarval í úfnu Þingvallahrauni hinn 17. júní 1994 að vekja hjá hátíðargestum fögnuð yfir því að við Íslendingar „ættum" slíkan mann. Hins vegar var (og átti jafnvel að vera) giska óskýrt í hverju sögulegt gildi hans var fólgið.

2

„Það er hinum, honum Borges, sem dettur í hug ýmislegt," skrifar Argentínumaðurinn Jorge Luis Borges í stuttum pistli sem ber yfirskriftina „Borges og ég". Þar gerir höfundurinn tilraun til að greina á milli síns persónulega sjálfs — þess sem fer í gönguferðir um Buenos Aires, þykir gaman að stundaglösum, landakortum, upprunaorðabókum og kaffibragði — og þeirrar opinberru persónu sem sækir um prófessorsstöðu og skrifar bókmenntir. En tilraunin er dæmd til að mistakast þar sem hinn opinberi Borges sölsar stöðugt undir sig líf og áhugamál hins: „Mér er ómögulegt að vita," segir í lokaorðum þessa margræða texta, „hvor okkar skrifar þessa blaðsíðu."[4]

Borges minnir okkur á að eitt sinn voru til tveir Jóhannesar, einstaklingurinn Jóhannes Sveinsson og listamaðurinn Jóhannes S. Kjarval. Það má vel vera að sá síðarnefndi hafi verið stílfærð eftirmynd hins fyrrnefnda, líkt og í tilviki Borgesar, en það má líka hugsa sér að hann hafi verið úthugsað gervi sem Jóhannes Sveinsson brá sér í þegar við átti.[5] Hvað sem því líður virðist óhætt að líta svo á að ungu mennirnir sem léku Kjarval sumarið 1994 hafi verið eftirmynd annarrar og eldri eftirmyndar eða gjörnings. Þeir eru í raun hlekkir í langri röð eftirmynda sem hafa smám saman breytt Jóhannes Sveinssyni í táknmyndina eða vörumerkið Kjarval. Sá fyrrnefndi er horfinn á vit feðra sinna en táknmyndin lifir enn góðu lífi allt í kringum okkur: sem margræður stimpill í heimi íslenskrar myndlistar (Kjarvalsstofa í París), nafn á nýlenduvöruverslun (Kjarval á Selfossi) og sem óbein trygging fyrir verðgildi íslensku krónunnar (tvö þúsund króna seðillinn).

Ákvörðun Seðlabankans um að ásjóna Kjarvals skyldi prýða tvö þúsund króna seðilinn er lýsandi fyrir þær breytingar sem gerðar hafa verið á sjálfsmynd Íslendinga á undanförnum áratugum. Listamenn og rithöfundar hafa í vissum skilingi öðlast þá stöðu sem hetjur fornsagnanna höfðu í þjóðarvitundinni fyrr á öldum.[6] Ástæður þessara breytinga eru margvíslegar en líkt og samanburður á leiksýningunum á Þingvöllum árin 1930 og 1994 gefur til kynna er takmarkið að skapa íslensku þjóðinni nýlegri (og ef til vill nýtilegri) fortíð.

Það er þó ekki þar með sagt að gömlu táknmyndirnar séu fallnar úr gildi. Nær lagi er að lýsa þróuninni sem menningarsögulegri samlagningu, þar sem „nútímaleg" vörumerki á borð við Kjarval og Laxness hafa í raun runnið saman við hefðbundnari þjóðartákn. Táknmynd Jóhannesar S. Kjarvals hefur til dæmis samlagast þeirri gullnu mynd sem þjóðin hefur lengi gert sér af sögustaðnum og náttúruperlunni Þingvöllum. Höfuðstóllinn í höfundargildi Halldórs Laxness felst með sambærilegum hætti í tungunni

og bókmenntaarfinum (allt bendir til þess að ásjóna skáldsins prýði framhlið tíu þúsund króna seðilsins þegar þar að kemur).

3

Ég á sjálfur einn Kjarval. Þetta er ættargripur, lítil mynd (á stærð við fjóra peningaseðla) sem er máluð á strigapjötlu og heft á pappaspjald, einfaldur trérammi umhverfis. Myndin sjálf er ómerkt, það vantar á hana hið dýrmæta vörumerki listamannsins, en aftan á pappaspjaldinu stendur skrifað: „Gleðileg Jul, Farsælt og gott Nýjár, Jóh. S. Kjarval, 1964". Á þessari litlu mynd má með lagni sjá þrjár hvítar álfameyjar dansandi í stjörnubjörtu bláu landslagi en í forgrunni liggur ógreinileg mannvera og gefur meyjunum auga. Kannski er Kjarvallinn minn ein af mörgum sjálfsmyndum listamannsins sem leitaði í ýmsum verka sinna að heppilegum samastað fyrir fjölbreyttar draumsýnir og ögrandi formskyn. Vinsældir hans meðal Íslendinga fólust meðal annars í því að koma þessu tvennu heim og saman á viðurkenndu sögusviði íslenskrar náttúru. Í grein um Kjarval ræðir Halldór Laxness þetta atriði með hliðsjón af öðru (og öllu stærra) verki — „sennilega úr nágrenni Þingvalla" — þar sem landslag verður honum aðeins átylla:

... fyrir því að skipa niður á dúknum í margvísleg mismunandi munstur, allavegalita smáfleti og doppur; mynd af þessu tagi hlýtur að verka algerlega óhlutrænt á ókunnuga, til dæmis útlendíng sem ekki hefur vanist við að sjá frjálsar samsetníngar Kjarvals í ýmsum tilbrigðum um íslenskt landslag, svo mjög lýtur upphaflega fyrirmyndin hér í lægra haldi fyrir myndrænum kröfum, þeim kröfum sem virða lögmál sjálfstæðrar myndsköpunar hærra en þjónustusemi við sérhverja raunverulega fyrirmynd; auk þess sem landslag þetta morar af alskonar fígúrumyndum.[7]

Hér rekumst við aftur á þann greinarmun fyrirmyndar og eftirmyndar sem Borges gerir að umtalsefni og er þá ekki nema eðlilegt að spyrja hvort svonefndar Þingvallamyndir Kjarvals hafi ekki með tímanum sölsað undir sig frummyndina. Álfakóngurinn og álfadrottningin sem riðu um velli á lýðveldishátíðinni sumarið 1994 eru vissulega ábending í þá veru. Verk listamannsins (og eftirmyndir þeirra í seðlaveskjum og víðar) eru þar með orðin mælikvarði á veruleikalíkingu náttúrunnar.

Í ljósi þeirrar þróunar sem hér hefur verið rakin kemur ekki á óvart að vörumerkið Kjarval skuli hafa þann sess frummyndar sem Þingvellir og aðrar náttúruperlur höfðu áður meðal íslenskra myndlistamanna. Og er þá röðin komin að verkum (eða vörumerkjum) Einars Garibalda sem hefur nú fundið sér tímabundinn samastað á Kjarvalsstöðum...

Tilvitnanir

1. Sjá Magnús Jónsson, *Alþingishátíðin 1930*, Reykjavík 1943, s. 254-82.

2. Sjá Ingólf Margeirsson, *Þjóð á Þingvöllum*, Reykjavík 1994, s. 50-57.

3. Guðmundur Hálfdanarson, „Þingvellir og íslenskt þjóðerni," í *Milli himins og jarðar. Maður, guð og menning, í hnotskurn hugvísandanna*, ritstjórar Anna Agnarsdóttir, Pétur Pétursson og Torfi H. Tulinius, Reykjavík 1997, s. 367. Sjá ennfremur grein Guðmundar, „Þjóð og minningar," í *Íslenska söguþingið, 28.-31. maí 1997. Ráðstefnurit* I, ritstjórar Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson, Reykjavík 1998, s. 364-65.

4. Jorge Luis Borges, „Borges og ég", *Suðrið*, Guðbergur Bergsson þýddi, Reykjavík 1975, s. 31.

5. Sjá Hannes Sigurðsson, „Landnáma hin nýja. Stjórnmál, þjóðernishyggja og íslenska landslagshefðin", *Fjölnir* 2 (haust 1997), s. 39.

6. Sjá Jón Karl Helgason, *Hetjan og höfundurinn. Brot úr íslenskri menningarsögu*, Reykjavík 1998, einkum kaflann „Gullfótur krónunnar", s. 197-207.

7. Halldór Laxness, „Kjarval" *Jóhannes Sveinsson Kjarval. Íslenzk list*, Reykjavík 1950, s. 24.

De somniis/Um svefnfarir/*On Halluciation*, 1996
blönduð tækni á við/*mixed media on wood*, 20 x 20 sm



De aestimatione/Um ígildi/*Of Values*, 1998
blönduð tækni á við/*mixed media on wood*, 85 x 85 sm



De Vita/Um lífshlaup/*On a Life*, 1998
blönduð tækni á við/mixed media on wood, 85 x 85 sm


1885 - 1972

De vanitatum vanitate/Um hégóma/*About Vanity*, 1998
blönduð tækni á við /*mixed media on wood*, 150 x 150 sm



De nationis insignibus/Af þjóðartáknum/*About Patrimony*, 1997
blönduð tækni á við/*mixed media on wood*, 85 x 85 sm



De aere malo/Um stofudaun/*On Bad Climate*, 1996
blönduð tækni á við/*mixed media on wood*, 20 x 20 sm



De arte poetica/Af skáldskaparfræðum/*Around Poetics*, 1998
blönduð tækni á við/*mixed media on wood*, 85 x 85 sm



De kyanose/Um bláma/*Of Cyanosis*, 1996
blönduð tækni á við/*mixed media on wood*, 20 x 20 sm



Jón Karl Helgason

Kja®val

1

At the millennium festival held on Iceland's ancient parliament site of Thingvellir in 1930, a troupe of actors donned the guises of various well-known Saga Age heroes. These bearded and cloaked chieftains placed themselves on the rim of Almannagjá chasm and re-enacted the election of the first Lawspeaker at Thingvellir in 930, from a script written by professors Sigurdur Nordal and Ólafur Lárusson.[1] When another national festival was held at Thingvellir in 1994, on the other hand, several young men donned the guise of a well-known Icelandic artist, wearing crumpled hats and roaming the lava landscape with paints and easels. There they wielded their brushes and spatulas and painted the landscape for all they were worth.

Of course these two festivals were held to commemorate totally different occasions. The first was dedicated to the millennium of Iceland's ancient parliament, and the second to the half-centenary of the Icelandic Republic. Nonetheless it is interesting — and significant in its own right — that the organizers of the 1994 programme considered reproductions of a renowned painter's personality as belonging in the dramatized history of the Icelandic nation that was enacted there. Other characters at this „national drama" were jolly accordion players, elderly firemen, wily wrestlers, girls who sang as they salted herring, an elfin king and queen riding around on their trusty steeds, and a group of lithe athletes performing Dr. Möller's gymnastic exercises.[2]

In a recent article, historian Gudmundur Hálfdanarson maintains that the national festival of 1994 was in effect a kind of a ritual in which Icelanders were supposed to „practise" their love of their country in a symbolic way. When this kind of event is organized, it is crucial to find symbols around which everyone can unite, even if this means disregarding their original context and historical value. Hálfdanarson cites the children's choir that performed the „May Star," Halldór Laxness' revolutionary ode which in recent years has acquired the value of some kind of patriotic hymn. He finds it probable that the children sang the song at the half-centenary of the Republic „in the belief that the „flag of the land of the future" invoked in its final verse is the Icelandic flag, not the red flag." The ironic conclusion reached by the historian is that what we remember is not as important as the actual process of remembering: „The nation did not gather at Thingvellir to remember something in particular, but rather to celebrate that there was something worth remembering, even though it was not completely clear what that something was."[3]

In keeping with this interpretation, the young men who were impersonating painter Jóhannes S. Kjarval in the rugged lava of Thingvellir on June 17, 1994 were supposed to instil a sense of joy among guests at the festival about Iceland „owning" such a man. On the other hand it was (and was even supposed to be) quite obscure what his historical value entailed.

2

„Things happen to him, the other one, to Borges," writes Argentinian author Jorge Luis Borges in a short piece entitled „Borges and I". In it, the author attempts to distinguish between his personal self — the one who strolls about Buenos Aires, likes hourglasses, maps, etymologies and the taste of coffee — and the public figure whose name appears on an academic ballot and who writes literature. But the experiment is doomed to fail since the public Borges is constantly encroaching upon the life and interests of the other: „I don't know," this subtle text concludes, „which one of the two of us is writing this page."[4]

Borges reminds us that once there were two characters named Jóhannes, the individual Jóhannes Sveinsson and the artist Jóhannes S. Kjarval. It may well be that the latter was a stylized reproduction of the former, as in Borges' case, but it is also conceivable that he was a conscious guise that Jóhannes Sveinsson donned when appropriate.[5] Be that as it may, it seems safe to conclude that the young men playing Kjarval in summer 1994 were reproductions of another, older reproduction or performance. They are really links in a long chain of reproductions which have gradually transformed Jóhannes Sveinsson into the symbol or trademark Kjarval. The former has departed this life but the symbol is still alive and well all around us: as a multifaceted stamp in the Icelandic art world (the Atelier Kjarval in Paris), the name of a supermarket (Kjarval in Selfoss) and a symbolic gold standard for the Icelandic currency (the two thousand krónur note).

The Central Bank of Iceland's decision to illustrate the two thousand krónur note with Kjarval's portrait is representative of the changes that have been made to the Icelandic national identity in recent decades. Artists and writers have, in a sense, acquired the status that saga heroes had in the national consciousness in centuries past.[6] There are various reasons for these changes, but as the comparison between the dramatic spectacles at Thingvellir in 1930 and 1994 suggests, the aim is to create a newer (and perhaps more functional) past for the Icelandic nation.

This is not to say that the old symbols have gone out of currency. A more accurate description of the development would be cultural-historical concatenation, whereby „modern" trademarks such as Kjarval and Laxness have in effect merged with more traditional national symbols. Jóhannes S. Kjarval's symbol, for example, has been integrated into the golden image that Icelanders have long maintained of the historical site and natural masterpiece Thingvellir. Likewise, the capital of Halldór Laxness' worth as an author is invested in the language and literary heritage (and everything suggests that

the Nobel Prize laureate's portrait will adorn the obverse of the ten thousand krónur note when it is printed).

3

I own one painting by Kjarval myself. It is a family heirloom, a small picture (the size of four banknotes) painted on a scrap of canvas and stapled onto cardboard, enclosed in a simple wooden frame. The painting itself is unsigned, it lacks the artist's precious trademark, but on the back of the cardboard there is an inscription: „Merry Christmas and a Happy and Prosperous New Year, Jóh. S. Kjarval, 1964". With a certain amount of dexterity three white elf-maidens can be discerned on the little painting, dancing in a starlit blue landscape, with a vague human form lying in the foreground ogling at them. My Kjarval may be one of the many self-portraits by this artist who in a range of works sought a suitable place to locate his variegated dream visions and provocative perceptions of form. One reason for his popularity in Iceland was the way he combined the two in an acceptable historical setting in Icelandic nature. In an article about Kjarval, Halldór Laxness discusses this point with reference to another (far larger) work — „probably from the vicinity of Thingvellir" — in which the landscape becomes a mere pretence for him:

... to arrange a wealth of different patterns, multicoloured tiny planes and dots on the canvas; an image of this kind surely has a totally abstract effect on the uninitiated, for example a foreigner who is unaccustomed to seeing Kjarval's free-form compositions in different variations on the theme of the Icelandic landscape, so much does the original prototype yield here to artistic demands, the demands that put more value on the laws of independent pictorial creation than on subservience towards any real prototype; besides which this landscape is teeming with all manner of figurative images.[7]

Here we again encounter the difference between prototype and reproduction that Borges discusses, naturally inviting the question whether Kjarval's „Thingvellir paintings" have not, in the course of time, supplanted their prototype. The elfin king and queen riding around during the half-centenary celebrations in summer 1994 certainly point in that direction. The artist's works (and reproductions of them in wallets and elsewhere) have thereby become a yardstick of nature's mimesis.

In light of the development traced above, it comes as no surprise to find the Kjarval trademark now occupies the position of a prototype that Thingvellir and other natural wonders once enjoyed among Icelandic artists. Which in turn brings us to the works (or trademarks) of Einar Garibaldi who has now found a temporary location at Kjarvalsstadir...

References:

1. See Magnús Jónsson, *Alþingishátíðin* 1930, Reykjavík 1943, pp. 254-82.

2. See Ingólfur Margeirsson, *Þjóð á Þingvöllum*, Reykjavík 1994, pp. 50-57.

3. Guðmundur Hálfdanarson, "Þingvellir og íslenskt þjóðerni", in *Milli himins og jarðar. Maður, guð og menning í hnotskurn hugvísindanna*, ed. Anna Agnarsdóttir, Pétur Pétursson and Torfi H. Tulinius, Reykjavík 1997, p. 367. See further Háldanarson's article "Þjóð og minningar", in *Íslenska söguþingið, May 28. - 31. maí, 1997. Ráðstefnurit I (Proceedings)*, ed. Guðmundur J. Guðmundsson and Eiríkur K. Björnsson, Reykjavík, 1998, p. 364-65.

4. Jorge Luis Borges, „Borges and I", translated by Anthony Kerrigan, in *A Personal Anthology*, London 1968, pp 171-172.

5. See Hannes Sigurðsson, "Landnáma hin nýja. Stjórnmál, þjóðernishyggja og íslenska landslagshefðin", *Fjölnir* 2 (autumn 1997), p. 39.

6. See Jón Karl Helgason, *Hetjan og höfundurinn. Brot úr íslenskri menningarsögu*, Reykjavík 1998, especially the chapter "Gullfótur krónunnar", p. 197-207.

7. Halldór Laxness, "Kjarval" *Jóhannes Sveinsson Kjarval. Íslenzk list*, Reykjavík 1950, p. 24.

Einar Garibaldi Eiríksson

f. 22. janúar 1964 á Ísafirði / *b. January 22, 1964 in Ísafjörður, West Fjords*

Heimilisfang/*Address:*
Njálsgata 15,
101 Reykjavík,
garibald@ismennt.is

Nám/*Education:*

1980-1985 Myndlista- og handíðaskóli Íslands.
The Icelandic College of Art and Crafts.
1986-1991 Accademia di Belle Arti di Brera, Mílanó, Ítalíu.
The Brera Fine Art Academy, Milan, Italy.

Helstu einkasýningar/*Selected solo exhibitions:*

1984 Ljósmyndir/*Photographs*, Mokka kaffi, Reykjavík.
1988 Málverk/*Paintings*, Nýlistasafnið, Reykjavík.
1989 Kríli/*Trifles*, Gallerí 11, Reykjavík.
1992 Zattere/*Floats*, L'Aura Arte Contemporanea, Brescia, Ítalía.
1993 Í votri Gröf/*In a Wet Grave*, Norræna húsið, Reykjavík.
1995 Flekar/*Rafts*, Gerðarsafn, Kópavogur.
1996 Fattore kappa/*The K-factor*, Gallerí Barmur, Mílanó - Catanía.
1997 Bönd/*Ties*, Slunkaríki, Ísafjörður.
1997 Frá Reykjavík/*From Reykjavík*, Listasafnið á Akureyri.
1998 Landslag/*Landscape*, Nýlistasafnið, Reykjavík.

Valdar samsýningar/*Selected joint exhibitions:*

1983 Gullströndin andar/*The Breath of the Gold Coast*, Jötunshús, Reykjavík.
1983 Ungir myndlistarmenn/*Young Artists*, Kjarvalsstaðir, Reykjavík.
1983 Fimm saman/*Take Five*, Nýlistasafnið, Reykjavík.
1986 Reykjavík í myndlist/*Reykjavík in Art*, Kjarvalsstaðir, Reykjavík.
1988 Sjálfsmyndir í íslenskri myndlist/*Selfportraits in Icelandic Art*, Kjarvalsstaðir, Reykjavík.
1989 Dal Legno al Segno/*From Wood to Sign*, Palazzo Dugnani, Mílanó.
1990 Spazio Aperto/*Open Space*, Galleria Multimedia, Brescia.
1991 Listahátíð í Hafnarfirði/*Hafnarfjörður Art Festival*, Hafnarborg.
1991 Luce Naturale/*Natural Light*, X-Primo Aghificio, Lecco.
1995 Ný aðföng/*New Acquisitions*, Listasafn Íslands, Reykjavík.
1996 Síðasta sýningin/*The last exhibition*, Gallerí Greip, Reykjavík.
1998 Íslensk myndlist/*Icelandic Art*, Listasafn Íslands, Reykjavík.
1998 Stiklað í straumnum/*Currents*, Kjarvalsstaðir, Reykjavík.

Annað/*Other:*

Kjarvalsstofa í París 1993 - 1994
Atelier Kjarval at Cité des Arts International, Paris 1993 - 1994

TERRA VERGINE, texti í sýningarskrá Georgs Guðna, Mokka-press 1994
TERRA VERGINE, introduction for exhibition of Georg Guðni, Mokka-press 1994

Umsjón með sýningunni FÆRUR - SPOSTAMENTI, ítölsk samtímalist í Nýlistasafninu 1997
Curator of the exhibition FÆRUR - SPOSTAMENTI, Italian Contemporary Art at The Living Art Museum 1997

Í stjórn Nýlistasafnsins 1997 - 1998
On the board of The Living Art Museum 1997 - 1998

Fyrirlestrar/*Lectures:*

Ítölsk samtímalist 1988
On Italian Contemporary Art 1988

Bréf úr birgi, L'Aura Arte Contemporanea 1992
Letters from the bunker, L'Aura Arte Contemporanea 1992

Búa hlutir yfir máli? Um kyrralíf 1996
Do objects talk? On still-live 1996

Hreyfingar hugans; um lyndislestur 1998
Movements of the mind; on physiognomy 1998

Verk í eigu opinberra aðila/*Works in public Collections:*

Listasafn Íslands/*The National Gallery of Art, Iceland.*
Listasafn Reykjavíkur/*The Reykjavík Art Museum.*
Listasafn Kópavogs/*The Kópavogur Art Museum.*
Ríkisspítalarnir/*The Icelandic State Hospitals.*

Menningarmálanefnd Reykjavíkur/*The Cultural Committee of the City of Reykjavík:*

Guðrún Jónsdóttir, formaður/*chair*
Anna Geirsdóttir
Guðrún Ágústsdóttir
Eyþór Arnalds
Júlíus Vífill Ingvarsson

Finna Birna Steinsson
Tryggvi Baldvinsson

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur /*Director of The Reykjavík Art Museum:*
Eiríkur Þorláksson

Ljósmyndun/*Photography:*
Kristján Pétur Guðnason

Þýðing/*Translation:*
Bernard J. Scudder

Yfirlestur handrita/*Proofreading and editing:*
Jón Karl Helgason, Eiríkur Þorláksson

Hönnun sýningarskrár/*Catalogue design:*
Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir

Umsjón með gerð sýningarskrár/*Catalogue production:*
Ólöf K. Sigurðardóttir

Skeyting og filmuvinnsla/*Colour separation and montage:*
Grafík hf.

Prentun og bókband/*Printing and bookbinding:*
Grafík hf.

© Kjarvalsstaðir, Listasafn Reykjavíkur 1999

ISBN 9979-874-89-9

ISBN 9979-874-89-9





Listasafn Reykjavíkur — Kjarvalsstaðir /*Reykjavík Art Museum*

Janúar – Mars 1999